

6. gr.

Framleiðslugjaldið endurgreiðir Framleiðsluráð landbúnaðarins Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði í samræmi við útreikninga skv. 5. gr. þannig að hvert samlag fái greitt sama hlutfall af heildsöluverði útfluttra mjólkurafurða á verðlagsárinu 1986-87. Greiðslur þessar fari fram þegar fyrir liggur uppgjör á verðábyrgð ríkisins skv. samningi Stéttarsambands bænda og ríkisins frá 28. ágúst 1985.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði skv. reglugerð þessari, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. október 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Umferð vélknúinna ökutækja um Ráðhústorg, sunnan Landsbanka Íslands, er bönnuð frá kl. 22.00 til kl. 06.00. Bann þetta tekur þó eigi til íbúa húsa nr. 1—15 við Brekkugötu.
 2. Umferð um Krossanesbraut nýtur forgangs fyrir umferð um allar götur, sem tengjast henni (biðskylda).
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 12. október 1987.

Elías I. Eliasson.